



Sveitarfélagið Vogar

# Fjárhagsáætlun 2009

Seinni umræða 29. janúar 2009

## **Greinargerð með fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga fyrir árið 2009**

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Voga var lögð fram til fyrri umræðu þann 18. desember 2008 og seinni umræðu 29. janúar 2009. Haldinn var opinn íbúafundur um fjárhagsáætlun og ráðstafanir í tengslum við hana þann 13. janúar næstkomandi.

Áætlunin er lögð fram við mjög sérstakar aðstæður þar sem óvissa um þróun í efnahagslífi þjóðarinnar næstu misseri er mikil. Í áætluninni birtist sú stefna sem mörkuð var í bæjarráði í upphafi efnahagskreppunnar að tryggja grunnþjónustu sveitarfélagsins á sviði félags- og fræðslumála og leitast við að tryggja gott atvinnustig í Vogum og á Suðurnesjum.

### **Almennar forsendur**

Á sérstöku forsendublaði, sem er meðfylgjandi, er gerð grein fyrir megin forsendum áætlunar sem lögð er fram vegna fjárhagsársins 2009. Við áætlanagerðina er byggt á rauntölum ársins 2007 og útkomuspá fyrir árið 2008. Forstöðumenn gerðu tillögu að fjárhagsáætlun sinna málaflokka. Bæjarráð, bæjarritari og bæjarstjóri hafa farið yfir tillögur þeirra á bæjarráðsfundum og gert breytingar.

Áætlað er að skattstofnar dragist saman um 8% milli ára vegna lækkandi tekna íbúa og fækkun gjaldenda. Gert er ráð fyrir að launakostnaður lækki um 3% milli ára, en gert er ráð fyrir að stöðugildum fækki um tvö árinu með starfsmannaveltu, en ekki verði gripið til uppsagna í hagræðingarskyni. Gert er ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður aukist um 1,5% og afskriftir um 19%.

Við áætlanagerðina var stefnt að 5% lækkun útgjalda frá rammaáætlun ársins 2009, í samræmi við tillögu bæjarráðs. Ljóst er að sá árangur mun ekki nást án þess að skerða þjónustu og fækka starfsfólki meira en að er stefnt.

Farið var yfir alla liði og kostnaður lækkaður eins og forstöðumenn stofnanna töldu forsvaranlegt svo haldi megi því markmiði að skerða ekki grunnþjónustu sveitarfélagsins.

Atvinnuástandið í sveitarfélaginu hefur verið gott undanfarin ár, en undanfarnar vikur hefur atvinnuleysi aukist hröðum skrefum og má búast við að það aukist enn á næsta ári. Þann 15. desember voru 45 einstaklingar á atvinnuleysisrá í sveitarfélaginu, samkvæmt skýrslum Vinnumálastofnunar. Búast má við að atvinnuleysi fari vaxandi á næstu vikum.

Þann 1. desember eru íbúar í Vogum 1.225, samanborið við 1.206 þann 1. des 2007. Íbúum hefur því fjölgað um 1,5%. Áætlanir gerðu ráð fyrir að íbúar yrðu um 1.250 í lok árs 2008. Á árinu 2009 er ekki gert ráð fyrir að íbúum fjölgi.

### **Skatttekjur og aðrar tekjur**

Í fjárhagsáætlun ársins 2008 og þriggja ára áætlun var mörkuð sú stefna að draga verulega úr skattheimtu á íbúana og atvinnulífið á næstu árum, samhliða því að gert var ráð fyrir áframhaldandi vexti skattstofna sveitarfélagsins með fjölgun greiðenda.

## Seinni umræða

Þær forsendur sem lagt var upp með í þeim áætlunum hafa brostið í kjölfar falls bankakerfisins og efnahagsþrenginganna. Í því ljósi er gert ráð fyrir óbreyttum álagningahlutföllum á næsta ári. Tekjuáætlanir verða endurskoðaðar að loknum fyrsta ársfjórðungi.

Í þriggja ára áætlun var gert ráð fyrir að skatttekjur sveitarfélagsins yrðu um 336 milljónir árið 2009 og Jöfnunarsjóðsframlög um 157 milljónir. Í fjárhagsáætlun 2009 er gert ráð fyrir að skatttekjur verði um 327 milljónir og Jöfnunarsjóðsframlög um 148 milljónir. Skatttekjur og jöfnunarsjóðsframlög verða þannig um 18 milljónum lægri en áætlað var í þriggja ára áætlun, eða um 475 milljónir.

Gert er ráð fyrir því að útsvarsskattstofn dragist saman um 8% milli ára vegna lækkandi tekna íbúa og fækkun gjaldenda. Gert er ráð fyrir að fasteignamat verði óbreytt.

	Áætlun	
	2008	2009
Íbúafjöldi	1.250	1.220
Útsvar	-312.059	-287.040
Fasteignaskattur	-40.139	-40.139
Skatttekjur	-326.260	-327.179
Tekjujöfnunarframlag	-42.308	-36.808
Fasteignaskattur	-13.000	-14.044
Útgjaldajöfnunarframlag	-41.764	-47.897
Grunnskólaframlag	-66.000	-46.462
Önnur framlög	-2.750	-3.040
Framlög úr Jöfnunarsjóði	-165.822	-148.251
Skattaígildi		
Lóðarleiga	-11.550	-11.888
Skatttekjur alls	-503.632	-487.318

Gert er ráð fyrir að aðrar tekjur, svo sem þjónustugjöld, hækki um tæp 16% og munar þar mest um hækkun á tekjum leikskólans vegna fjölgunar nemenda.

Gert er ráð fyrir að öll ávöxtun Framfarasjóðs á árinu 2009 verði nýtt til rekstrar og fjárfestinga, eða um 226 milljónir.

### Rekstrargjöld:

Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður við fræðslumál hækki sérstaklega í kjölfar nýrrar deildar við leikskólann og breytinga á bókfærðum kostnaði við Frístundaskóla.

Laun og launatengd gjöld eru áætluð 58% af tekjum, og annar rekstrarkostnaður 56,1%. Afskriftir eru áætlaðar 4,8%. Rekstrargjöld samstæðu án fjármagnsgjalda eru áætluð kr. 703 milljónir eða 119% af áætluðum heildartekjum ársins 2008 sem eru kr. 592 milljónir. Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða er áætluð neikvæð kr. 111 milljónir. Rekstrarniðurstaða með fjármagnsliðum er hins vegar áætluð jákvæð kr. 29,6 milljónir. Veltufé frá rekstri er áætlað að verði kr. 136 milljónir.

Gert er ráð fyrir því að á árinu verði áfram unnið að hagræðingaradgerðum með það að markmiði að áætlaður rekstrarhalli verði lægri en fram kemur í áætluninni. Jafnframt er gert ráð fyrir að áætlanir verði endurskoðaðar eftir fyrsta ársfjórðung.

### **Fjárfestingar:**

Gert er ráð fyrir töluverðum fjárfestingum á árinu 2009, annarsvegar við uppbyggingu verslunar og þjónustusvæðis við nýjan miðbæ og hinsvegar vegna kaupa á landi. Uppbygging verslunar og þjónustusvæðis mun skapa störf á uppbyggingartíma og til langframa við verslun og þjónustu í bænum. Auk þess er gert ráð fyrir framkvæmdum við göngu- og hjólreiðastíg frá Vogum að mislægum gatnamótum við Reykjanesbraut. Sú framkvæmd er áætluð í tengslum við fyrirhugaðar breytingar á almenningsamgöngum innan Suðurnesja og milli svæðisins og höfuðborgarsvæðisins. Kaupin á landi HS orku eru langtímafjárfesting sem skapar sveitarfélaginu möguleika til vaxtar til lengri framtíðar, auk þess að vera mikilvæg í ljósi þess að sveitarfélagið fer þá með nýtingarétt á þeim náttúruauðlindum sem á landinu kunna að finnast.

Við ákvörðun um fjárheimildir til fjárfestinga er settur rammi sem gerir ráð fyrir að Eignasjóður fjárfesti fyrir um 260 milljónir kr. en vatnsveita og fráveita fjárfesti fyrir um 15 milljónir hvor sjóður.

### **Lántaka og greiðslubyrði lána:**

Greiðslubyrði lána er reiknuð út frá stöðu langtímalána og skilmálum sem á þeim eru. Gert er ráð fyrir að greiðsla fyrir landakaup verði í formi fyrirframgreiddrar leigu, auk peninga. Hin fyrirframgreidda leiga er færð sem ný lántaka upp á 80 milljónir í áætluninni. Ekki er gert ráð fyrir lantöku hjá fjármálastofnun, enda gert ráð fyrir að tillaga um afnám verðtryggingar höfuðstóls Framfarasjóðs verður samþykkt.

Samtals er greiðslubyrði vegna langtímaskulda með fjármagnsgjöldum áætlaðar um 76 milljónir kr. eða tæplega 13% af áætluðum heildartekjum ársins. Leigugreiðslur vegna rekstrarleigu á húsnæði eru áætlaðar um 125 milljónir kr. eða um 21% af áætluðum heildartekjum ársins.

### **Meginstefna fjárhagsáætlunar 2009:**

Gert er ráð fyrir um 30 milljóna króna afgangi af rekstri sveitarfélagsins árið 2009, að teknu tilliti til fjármagnstekna. Til að svo megi verða verður að sýna mikið aðhald í rekstri sveitarfélagsins og ljóst að nauðsynlegt verður að taka erfiðar ákvarðanir. Halli verður af venjubundnum rekstri. Sú niðurstaða er ekki í samræmi við þá meginstefnu sem sett var fram með 3ja ára áætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2008 – 2010. Það mikla efnahagsáfall sem Ísland og umheimurinn hefur orðið fyrir á þessu ári hefur sett stórt strík í reikninginn. Óvissa um þróun helstu forsenda á næsta ári er mikil. Atvinnuleysi er enn vaxandi og ekki útséð um hvaða áhrif það hefur á tekjur sveitarfélagsins og útgjöld. Jafnframt er mikil óvissa um þróun gengis krónunnar gagnvart evru og þar með leigugreiðslna sveitarfélagsins til Eignarhaldsfélagsins Fasteignar.

Áætlunin ber þess merki að óvissa er mikil og verður að líta til þess við umræður og afgreiðslu að gert er ráð fyrir að áætlunin verði tekin upp að loknum fyrsta ársfjórðungi.

Sem er fyrr er stefnan að byggja upp fjölskylduvænt samfélag í Sveitarfélaginu Vogum og verja grunnþjónustu í félags- og fræðslumálum. Sú stefna sem mörkuð var með innleiðingu gjaldfrjálsra skólamáltíða, endurnýjun upplýsingatæknikerfa í Stóru- Vogaskóla, tvöföldun niðurgreiðslna til dagforeldra og nýrri leikskóladeild ber þess glöggt merki að áherslurnar eru á þjónustu við börn og fjölskyldur. Sveitarfélagið veitir mjög mikla þjónustu, ekki síst í samanburði við önnur sveitarfélög af sambærilegri stærð.

Ljóst er að sú þjónusta kostar meira en skattgreiðslur standa undir. Því er nauðsynlegt að leita allra leiða til að auka tekjur sveitarfélagsins með fjölgun skattgreiðenda í framtíðinni. Einn stærsti liðurinn í þeirri viðleitni er að auka verslun og þjónustu í sveitarfélaginu.

### **Helstu hagræðingaraðgerðir**

Á árinu 2009 verður unnið að ýmsum hagræðingaraðgerðum til að draga úr kostnaði og ná meira jafnvægi í rekstri sveitarfélagsins. Meðal helstu hagræðingaraðgerða má nefna að:

- Unnið er að því að draga úr almennum rekstrarkostnaði. Kaupum á nýjum búnaði og viðhaldi er frestað eins og kostur er.
- Forstöðumenn leita nú leiða til að draga úr kostnaði við verkefni sem ekki teljast til grunnþjónustu sveitarfélagsins innan sinna deilda.
- Gert er ráð fyrir að yfirvinna verði tekin til heildarendurskoðunar hjá öllum starfsmönnum sveitarfélagsins, með það að markmiði að draga úr útgjöldum.
- Ekki er gert ráð fyrir að ráðið verði í störf sem losna á árinu, nema með heimild bæjarráðs. Með því móti megi fækka um 2- 3 stöðugildi hjá sveitarfélaginu.
- Gert er ráð fyrir að laun bæjarfulltrúa og nefndarlaun lækki og fundum fækki.
- Gert er ráð fyrir að greiðslur fyrir akstur starfsmanna verði tekinn til heildarendurskoðunar hjá öllum starfsmönnum sveitarfélagsins, með það að markmiði að draga úr útgjöldum.
- Gert er ráð fyrir að takmarka fjölda barna í Frístundaskóla, þannig að ekki þurfi fleiri en tvo starfsmenn.
- Gert er ráð fyrir að dregið verði úr aðkeyptri ráðgjöf.
- Gert er ráð fyrir að dregið verði úr kostnaði við auglýsingar og markaðssetningu sveitarfélagsins.

Bæjarstjóri og fulltrúar sveitarfélagsins í sameiginlegum nefndum hafa unnið að niðurskurði í rekstri sameiginlegra deilda.

### ***Helstu verkefni einstakra málaflokka á árinu 2009***

#### **Félagsþjónusta**

Gert er ráð fyrir að nýju 50% stöðugildi við félagsþjónustu Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga. Jafnframt er gert ráð fyrir tvöföldun á húsaleigubótum og aukningu í fjárhagsaðstoð.

Aðstaða til þjónustu við eldri borgara hefur breyst mikið með tilkomu þjónustumiðstöðvarinnar í Álfagerði. Ekki er gert ráð fyrir aukningu í þjónustu, heldur verður lögð áhersla á að samræma þjónustu og marka stefnu til framtíðar.

#### **Heilbrigðisþjónusta**

Gert er ráð fyrir að þátttöku sveitarfélagsins í GOSA teyminu verði hætt. Þar sparast um 800 þús. Kr á ári.

### **Fræðslumál**

Áfram verður unnið að nýrri skólastefnu Sveitarfélagsins Voga og er gert ráð fyrir að hún taki gildi á árinu 2009. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að þjónusta í fræðslumálum verði að mestu óbreytt.

### **Menningarmál**

Markmið sveitarfélagsins er að styðja við einstaklinga og félagasamtök sem vilja efla menningarstarfsemi í sveitarfélaginu, meðal annars með fjárframlögum og að aðgengi að aðstöðu.

Sem fyrr verða félagasamtök styrkt til menningarstarfsemi. Lögð er áhersla á að um slíka styrki verði gert samkomulag við viðkomandi félög þar sem fram koma hlutverk og skyldur beggja aðila. Jafnframt verða styrkir veittir úr Menningarsjóði Suðurnesja sem hefur úthlutað umtalsverðu fé til verkefna í Vogum á árinu 2008.

Stefnt er að því að auka aðgengi að menningarminjum í sveitarfélaginu með skráningu og merkingu í samstarfi við Minjafélagið.

Stefnt er að því að auka umsvif menningarviðburða í Tjarnarsal.

### **Íþrótt- og tómstundamál**

Gert er ráð fyrir aukinni samræmingu í starfsemi íþrótt- og tómstundamála og náð verði fram samlegð og hagræðingu í rekstri. Auk þess er gert ráð fyrir að opnunartími íþróttahúss verði skertur til að draga úr kostnaði.

Sem fyrr verður UMFÞ styrkt til góðra verka á grundvelli gildandi samsstarfssamnings við félagið. Ekki er gert ráð fyrir framlagi í framkvæmdasjóð félagsins á árinu 2009.

Stefnt er að því að auka framboð á sumarnámskeiðum fyrir börn.

Stefnt er að því að klára vinnu við skipulag íþróttasvæðisins til framtíðar með umsókn UMFÞ um Unglingalandsmót árið 2012 í huga. .

### **Skipulags- og byggingamál**

Ekki er gert ráð fyrir að ráðið verði í starf skipulags- og byggingafulltrúa, heldur verði keypt að þjónusta frá verkfræðistofu eftir þörfum. Stefnt er að því að halda áfram að skoða skipulag málaflokksins samhliða vinnu við stjórnun, skipulag og starfsmannamál.

Gert er ráð fyrir að nýtt aðalskipulag verði staðfest á fyrsta ársfjórðungi. Jafnframt verði unnið að deiliskipulagi eftirfarandi svæða:

- Íþróttasvæði
- Aragerði til og með nýrrar götu við „Tjarnargerði“
- Kálfatjarnarsvæðið

### **Framkvæmdir og fjárfestingar**

Á árinu 2009 er gert ráð fyrir framkvæmdum við verslunar og þjónustuhúsnæði og nýjar bæjarskrifstofur á miðbæjarsvæði í samstarfi við fasteignafélag.

Á vegum sveitarfélagsins verða framkvæmdir við gatnagerð, lagnir og annað sem miðast að því að gera lóðina byggingarhæfa. Jafnframt er gert ráð fyrir að fjárfest verði í húsnæðinu með bæjarskrifstofur í huga.

Auk þess verður lagður hjólreiða- og göngustígur frá Vogum að mislægum gatnamótum við Reykjanesbraut.  
Gert er ráð fyrir að fjárfest verði í landi HS orku hf innan skipulagsmarka sveitarfélagsins.

### Umhverfismál

Sveitarfélagið Vogar er vistvænt sveitarfélag sem leggur áherslu á fjölskylduvænt umhverfi, fjölbreytt náttúru- og útivistarsvæði og hátt þjónustustig. Sjálfbær þróun verði leiðarljós við skipulag og framkvæmdir svo kynslóðir framtíðarinnar fá notið alls þess sem við höfum nú og gott betur.

- Stefnt er að því að tryggja lífsgæði í sveitarfélaginu með ábyrgri stjórnun umhverfismála í sátt og samlindi við aðra þætti samfélagsins svo sem atvinnustarfsemi og íbúabyggingu.
- Stefnt er að verndun fuglalífs í þéttbýlinu meðal annars með því að fjölga grænum svæðum, hlúa að trjárgróðri o.fl.
- Skilgreina þarf hlutverk opinna svæða í samstafi við umhverfis- og skipulagsnefnd.
- Stefnt er að því að halda áfram að merkja minjar í sveitarfélaginu og gera aðgengilegar í samstarfi við félagasamtök.
- Stefnt er að því að hefja vinnu við Staðardagskrá 21.
- Unnið verður mótun framtíðarstefnu um vatns- og fráveitumál í sveitarfélaginu.
- Unnið verður að eflingu almenningsgangna í samstarfi við sveitarfélög á Suðurnesjum.

### Atvinnumál

Markmiðið í atvinnumálum er að hlúa að þeim fyrirtækjum sem fyrir eru í sveitarfélaginu og fjölga atvinnutækifærum.

Sveitarfélagið á miklu samstarfi við önnur sveitarfélög um atvinnuþróun, meðal annars í atvinnuráði Suðurnesja og Suðurlindum.

Stuðla skal að samkeppnishæfu rekstarumhverfi fyrir fyrirtæki í sveitarfélaginu með framboði lóða undir atvinnustarfsemi og uppbyggingu verslunar- og þjónustukjarna.

Stefnt er að því að halda dag atvinnulífsins í Vogum.

### Stjórnsýsla

Meginmarkmið ársins 2008 var að styrkja stjórnsýslu sveitarfélagsins og fjármálastjórn. Unnið var nýtt skipurit verkþátta í samstarfi við ParX viðskiptaráðgjöf og ráðið í nýtt stöðugildi bæjarritara síðsumars. Jafnframt var hafin vinna við nýja starfsmannastefnu sveitarfélagsins. Sú vinna tafðist á haustmánuðum, en stefnt er að því að endurvekja vinnu við hana ásamt jafnréttisstefnu á árinu 2009.

Á haustmánuðum 2008 hófst vinna við Skólastefnu Sveitarfélagsins Voga, en stefnt er að því ljúka þeirri vinnu á haustmánuðum 2009. Bæjarritari er verkefnisstjóri þess verkefnis og mun það taka umtalsverðan tíma á komandi ári.

Síðastliðin ár hefur markvisst verið unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu bæjarsjóðs og stofnanna með innleiðingu nýrra vinnubragða. Á árinu 2009 verður áfram lögð áhersla á markvissa fjármálastjórn með innleiðingu samningsstjórnunar. Auk þess verður aukin áhersla lögð á bættu skjalavistun og afgreiðslu mála.

Seinni umræða

Í vinnslu er handbók með verkferlum í stjórnsýslu sveitarfélagsins sem lokið verður við á árinu 2009. Auk þess er stefnt að því að endurskoða og flokka málaskrá sveitarfélagsins, þ.m.t. teikningum og öðrum skipulags- og byggingargögnum.

Stefnt er að því að draga úr aðkeyptri þjónustu á árinu og nýta þá þekkingu sem er innan stjórnsýslunnar. Þó er nauðsynlegt að gera ráð fyrir kostnaði við námskeið og þjálfun starfsmanna skrifstofu.

### ***B- hluta fyrirtæki***

Sveitarfélagið rekur Vogahöfn, Vatnsveitu og Fráveitu sem sérstök fyrirtæki í B- hluta. Mjög lítil rekstur er á Vogahöfn, sem er nánast algerlega orðin að tómstundahöfn. Tekjur hafnarinnar hafa verið innan við 1 milljón kr á ári undanfarin ár. Rekstrarkostnaður er litlu hærri, en afborganir lána eru meginútgjöld hafnarsjóðs.

Eins og fram kom í áherslum í umhverfismálum verður unnið að mótun stefnu sveitarfélagsins hvað varðar veitumál á næsta ári.